

Ed.

6. Frumvarp til laga

[6. mál]

um breyting á tilskipun 9. maí 1855, sem lögleiðir á Íslandi með nokkrum breytingum, lög 3. janúar 1851, um prentfrelsi.

(Lagt fyrir Alþingi á 74. löggjafarþingi, 1954.)

1. gr.

1. gr. tilskipunarinnar orðist svo:

Sá, sem annast prentun rits hér á landi, skal á hverju eintaki ritsins geta nafns síns eða firma svo og prentunarstaðar. Með sama hætti skal útgefandi rits nafngreina sig í hverju eintaki þess.

2. gr.

2. gr. tilskipunarinnar orðist svo:

Nú er nafngreining samkvæmt 1. gr. vanrækt eða rangt skýrt frá nafni prentara, útgefanda eða prentunarstað, og varðar það þá sektum eða varðhaldi, ef miklar sakir eru.

Sömu refsingu skal sá sæta, sem hefur til sölu eða dreifingar rit, er skortir nafngreiningu samkvæmt 1. gr., eða veit, að rangt er skýrt frá þeim atriðum.

3. gr.

2. málsgrein 3. gr. tilskipunarinnar orðist svo:

Ef enginn slíkur höfundur hefur nafngreint sig, ber útgefandi rits ábyrgðina, því næst sá, er hefur ritið til sölu eða dreifingar, og loks sá, er annast hefur prentun þess.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Unnið er nú að allsherjar endurskoðun á gildandi löggjöf um prentrétt, enda eru meginákvæði hennar orðin mjög gömul og úrelt að mörgu leyti, sbr. einkum tilskipun um prentfrelsi frá 9. maí 1855, sem lögleiddi með nokkrum breytingum dönsk lög um sama efni frá 3. janúar 1851. Endurskoðun þessi mun taka nokkurn tíma, þar sem margs er að gæta í þessum efnum.

Það, sem m. a. er tilefni þess, að endurskoðun þessi fer fram, er hin sívaxandi útgáfa sakamálarita hér á landi og er þá til athugunar, hvaða úrræði séu til að sporna við þeim ófögnuði. Meðan framangreindri endurskoðun er ekki lokið, þykir til bráðabirgða rétt að gera nokkrar breytingar á nefndri tilskipun frá 1855. Samkvæmt ákvæðum tilskipunarinnar hvílir ábyrgð á efni rits, sem prentað er og birt hér á landi, aðallega á höfundi þess, enda hafi hann nafngreint sig og sé auk þess annaðhvort búsettur hér á landi, þegar ritið kemur út, eða undir dómsvaldi ríkisins, þegar málið er höfðað. Ef slíkur höfundur hefur ekki nafngreint sig, hvílir ábyrgðin til vara með sömu skilmálum á útgefanda ritsins, því næst á kostnaðarmanni eða þeim, sem hefur það til sölu, og loks, ef þessir aðiljar verða ekki krafðir ábyrgðar, á prentaranum, sem andstætt hinum aðiljunum er skyldur að nafngreina sig á ritinu (sbr. 1. og 2. gr. tilskipunarinnar), og er ábyrgur, þótt hann hafi vanrækt þá nafngreiningarskyldu sína og fullnægi ekki framangreindum skilyrðum um búsetu eða dvalarstað.

Í frumvarpi því, er hér liggur fyrir, er ekki haggð við þessari skipan um ábyrgð, en hins vegar gerð tillaga um skyldu til nafngreiningar útgefenda og um aðrar breytingar í samræmi við það. Eru þau ákvæði mjög svipuð þeim, sem nú eru í gildi hjá ýmsum nágrannaþjóða okkar. Ekki sízt með tilliti til útgáfu sakamálarita þeirra, sem áður er að vikið, getur sú krafa ekki talizt of hörð, að sá, sem kostar og ræður útgáfu slíkra rita og hirðir arð af henni, nafngreini sig á ritinu, enda á hann að vera næstur til að bera ábyrgð á efni ritsins, ef ekki verður komið fram ábyrgð á hendur höfundi samkvæmt 1. málsgr. 3. gr. tilskipunarinnar.